

Fundargerð 24. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar (ÞK) 5. maí 2008 kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson
Árni Sigfússon
Reynir Ólafsson
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.
Árni bar upp tillögu um að Páll yrði stjórnarformaður og var það samþykkt samhljóða.
Páll lagði sömuleiðis fram tillögu um að Árni yrði kjörinn varastjórnarformaður og var það einnig samþykkt samhljóða.
2. Tillögur að fundartímum.
Tillaga um að settir yrðu niður fyrirframákveðnir fundatímar, annan fimmtudag í hverjum mánuði var samþykkt samhljóða.
Næstu fundir eru því: 12.6 – 10.7 – 14.8 – 11.9 – 9.10 – 13.11 – 11.12
3. Yfirferð yfir verkefni félagsins og stefnu.
Framkvæmdastjóri fór yfir stefnu og verkefni félagsins. Lagt var til í framhaldi að framkvæmdastjóri myndi skipuleggja fundi með stjórn ÞK og lykilaðilum í uppbyggingu á svæðinu.
4. Eldey - Frumkvöðlasetur
Tekin voru fyrir drög að samningi milli Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Keilis, Háskóla Íslands og ÞK um stofnun Eldeyjar – frumkvöðlaseturs. Stjórnin samþykkti þátttöku ÞK og samninginn fyrir sitt leyti.
5. Önnur mál.
Stjórn ÞK samþykkti samhljóða að sækjast eftir áframhaldandi stjórnarþátttöku í Keili. Mikilvægi Keilis í heildarþróun svæðisins er ótvírætt og því telur stjórn mikilvægt bæði fyrir Keili og ÞK að fulltrúi ÞK sitji þar í stjórn. Stjórnin leggur til að framkvæmdastjóri ÞK verði áfram fulltrúi félagsins.